

Tilkynning frá Bönunum

vegna innköllunar á PinKids eplum

10. september 2026

Með hliðsjón af öryggi og velferð neytenda hafa Bananar ehf. ákveðið að taka úr sölu og innkalla PinKids epli (550 g). Innköllunin er tilkomin vegna þess að varnarefni mældist yfir hámarksgildi í vörunni og **varðar hún eingöngu lotu með merkingunni L261409305/L3505**, sem var í sölu 4. til 9. september 2026.

Varan hefur verið tekin úr sölu í verslunum.

Upplýsingar um vöruna

Vöruheiti: PinKids, Pink Lady® Cripps Pink epli

Nettómagn: 550 g

Umbúðir: Pappahólkur

Strikamerki: 3700476661534

Lotunúmer: L261409305/L3505

Upprunaland: Chile

Pökkunarstöð: SARL Mesfruits, Cavaillon, Frakklandi

Innflytjandi: Bananar ehf.

Dreifing: Verslanir Bónus

Hvað eiga neytendur að gera

Þeim sem keypt hafa vöruna er ráðið frá því að neyta hennar og er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Innköllunin er gerð í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Bananar biðja neytendur sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæða- og sjálfbærnistjóri Banana í síma 525 0100 eða í gegnum netfangið thoradogg@bananar.is

Mynd af vörunni

